

Til aðildarsveitarfélaga SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands

Selfossi, 22. ágúst 2019

Efni: Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 24. og 25. október 2019

Ákveðið hefur verið að halda ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 24. og 25. október nk. á Hótel Geysi í Bláskógabyggð. Á ársþinginu verða haldnir aðalfundir SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.

Óskað er eftir að sveitarfélögin tilkynni þátttöku fulltrúa sinna á meðfylgjandi kjörbréfum, sem send verði á netfangið alda@sudurland.is fyrir **26. september** nk., í samræmi við eftirfarandi töflu:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Fjöldi
	1.1.2019	fulltrúa
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.389	5
Skaftárhreppur	583	3
Mýrdalshreppur	695	3
Rangárþing eystra	1.924	4
Rangárþing ytra	1.636	4
Vestmannaeyjar	4.301	7
Ásahreppur	248	2
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	626	3
Flóahreppur	667	3
Sveitarfélagið Árborg	9.485	12
Hrunamannahreppur	786	3
Bláskógabyggð	1.121	4
Grímsnes- og Grafningshreppur	493	2
Hveragerði	2.628	5
Sveitarfélagið Ölfus	2.153	5
Samtals	29.735	65

Sérstök athygli er vakin á því að aðrar reglur gilda um aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands en þar skal aðeins tilnefndur einn fulltrúi fyrir hvern eignaraðila, skv. samþykktum.

Eignaraðilar Sorpstöðvarinnar eru eftirtaldir: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Sorpstöð Rangárvallasýslu.



Kjörgengir á aðalfundina eru framkvæmdastjórar sveitarfélaga, sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra.

Á aðalfundunum eiga einnig sæti stjórnarmenn Sorpstöðvar Suðurlands og Heilbrigðisnefndar Suðurlands og framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga, með málfrelsi og tillögurétti séu þeir ekki kjörnir fulltrúar. Þátttaka þeirra skal einnig tilkynnt til skrifstofu SASS. Aðalfundirnir eru einnig opnir öðrum sveitarstjórnarmönnum á starfssvæðinu sem áheyrnarfulltrúum. Skal þátttaka þeirra einnig tilkynnt ef kostur er á meðfylgjandi eyðublöðum.

Tekin hafa verið frá herbergi á Hótel Geysi, miðvikudaginn 23. (fyrir þá sem þurfa þess) og fimmtudaginn. 24. október nk.

Ætlast er til að **sveitarfélögin panti í einu lagi** fyrir sína fulltrúa með því að senda pöntun á netfangið; geysir@geysircenter.is í síðasta lagi 10. október nk. og taki fram að það sé **vegna ársþings SASS**. Tilgreina þarf hvort óskað er eftir gistingu í eina eða tvær nætur. Ekki verður tekið við pöntunum frá einstökum fulltrúum. Gistingin greiðist af viðkomandi sveitarfélagi.

SASS mun panta gistingu fyrir stjórnarmenn samtakana þannig að sveitarfélögin þurfa ekki að líka að gera það þó þau séu tilnefndir fulltrúar þeirra á fundinum.

Annar kostnaður vegna ársþingsins, þ.e. vegna fundaraðstöðu, kaffiveitinga og kvöldverðar o.fl., verður síðar innheimtur af SASS.

Tillögur sem sveitarfélög eða fulltrúar þeirra hyggjast leggja fyrir aðalfundina þurfa að berast skrifstofu SASS fyrir **2. október** nk., þannig að þær liggi fyrir með öðrum fundargögnum.

Aðalfundarboð ásamt tilskildum fundargögnum mun liggja fyrir á sérstökum vefsvæðum í síðasta lagi þann 10. október nk. Aðalfundarfulltrúum og öðrum skráðum fundarmönnum verða send lykilorð tímanlega til að komast inn á vefsvæðin. Af þessum sökum er mikilvægt að skráð verði á kjörbréf virk netföng skráðra fulltrúa.

Með kveðju,
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri